

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag Hamraborgar í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 10. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi Hamraborgar 8 í miðbæ Kópavogs. Uppdráttur í mkv. 1:1000 dags. 7. júlí 1998 ásamt greinargerð. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 31. ágúst til 28. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

*Kópavogi, 2. desember 1998.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 4. desember 1998.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag við Blásali í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Blásali 16, 18, 22 og 24. Í breytingunni felst að lóðir fjölbýlishúsanna nr. 16 og 18 eru stækkaðar, afmörkun og stærð leiksvæðis er breytt; byggingarreitur háhýsanna nr. 22 og 24 er færður ofar í hlíðina (norðar); fjórar íbúðir verði á hverri hæð í húsunum nr. 22 og 24 í stað þriggja; íbúðum fjölgað úr 54 í 72 og staðsetningu bílastæða og bílgeymslu er breytt.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 8. desember 1998.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.